



## Samningur um skólaakstur

Undirritaður Ævar Rafn Marinósson, Tunguseli 681 Þórshöfn kt. 270371-4269 hér eftir nefndur verktaki tekur að sér akstur skólabarna fyrir Langanesbyggð kt. 420369-1749 næstu þrjú skólaár, frá dagsetningu samkomulags þessa.

Verktaki tekur að sér akstur á skólabörnum í og úr Grunnskóla Þórshafnar frá skólasvæðinu í Tunguseli að Þórshöfn. Um samninginn gilda reglur um skólaakstur í grunnskólum nr. 656/2009.

Verktaki skal hafa almennt rekstrarleyfi útgefið af Vegagerðinni skv. 4 gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001. Einnig ber verktaka að hafa ábyrgðartryggingu og farþegatryggingar. Verkkaupi getur hvenær sem er á samningstíma óskað eftir því að verktaki framvísi staðfestingum þar um.

Verktaki skal hafa yfir að ráða ökutæki sem sómi er af og tryggja allt öryggi við akstur barnanna. Einnig skal verktaki aðstoða börn í og úr bíl eftir þörfum. Verktaki skal gæta trúnaðar í starfi sínu. Verktaka er skyld að aka börnum utan hefðbundins skólatíma sé óskað eftir slíkri þjónustu.

Samkomulag er um að út samningstímabilið verði greitt kr. 450 á km miðað allt að 5000 km á ári. Verði frávik til brcytinga á árlcgum akstri um +/-15% myndast réttur hjá hvorum aðila fyrir sig að taka viðræður um mögulegar breytingar á greiddri upphæð fyrir hvern ekinn kílómetra. Einnig myndast gagnkvæmur réttur til endurskoðunar vegna breytinga á verðlagi eða aksturskostnaði.

Verktaki skal skila yfirliti með reikningi þar sem akstur á dag og samtala tímabils kemur fram. Langanesbyggð greiðir reikninga eigi síðar en 10. hvers mánaðar.

Samkomulaginu er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara á báða bóga. Verkkaupa er ljóst að í ákveðnum tilfellum getur verktaki kallað inn afleysingarmann til að framkvæma hluta þjónustunnar enda skal þá sá hinn sami reikningsfæra í samræmi við ofangreindan taxta.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

Samkomulagið er gert í tvíriti og er trúnaðarmál milli samningsaðila.

Samningurinn gildir frá 01.01.2025  
Undirritað með fyrirvara um samþykki byggðaráðs.

f.h. Langanesbyggðar

Björn S. Lárusson, svitarstjóri

*Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar*

Ævar Rafn Marinósson

Ævar Rafn Marinósson, verktaki